



NaNO Fréttabréf – Janúar 2013

Hvað höfum við gert í desember?

Unnið að undirbúningi LEGO keppinnar 1. feb. 2014 í samstarfi við VoN (www.firstlego.is).

Fundað með starfsfólki innan Menntavísindasviðs sem kemur að náttúrufræðimenntun. Reglulegir fundir með Allyson og Svövu.

Fundað með fulltrúum Nýsköpunarmiðstöðvar, þeim Jóhönnu Árnýju Ingvarsdóttur og Hannesi Ottóssyni um mögulegt samstarf um námskeiðahald fyrir starfandi kennara. Stefnt er að því að bjóða skólun/kennurum upp á pakka þar sem kennd er frumkvöðlamennt með áherslu á náttúrufræði. Nánari þróun er í vinnslu. Að auki var fundað með Erlu Björk Örnólfsdóttur frá Háskólanum á Hólum og Dagnýju Arnarsdóttur frá Rannsóknasetri HÍ á Vestfjörðum um mögulegt samstarf.

Samstarf á milli NaNO, GERT og menntunar til sjálfbærni. Verkefnisstjórar þessara þriggja verkefna hafa fundað með það að markmiði að efla tengslanet sitt og ná fram hugmyndum um frekara samstarf, t.d. námskeið, ráðstefna og eða málþing.

Þriðju menntabúðir vetrar voru 5. des. sl. í Háteigsskóla. Þemað var nýjar leiðir í upplýsingatækni í náttúrufræði-/raunvísindakennslu. Þátttakendur voru um 20 kennarar. Miklar umræður mynduðust og hugmyndum deilt um vel heppnaða noktun upplýsinatækni.

Náttúruvísindi á 21. öld. Unnið hefur verið jöfnum höndum að skipulagi námskeiðsins og ráðningu sérfræðinga sem koma að því.

Hvað er framundan?

Menntabúðir, mánaðarleg jafningjafræðsla meðal kennara. Næstu verða um verklega stjórnufræðikennslu miðvikudaginn 15. janúar í Valhúsaskóla. Sjá á menntabudir.natturutorg.is.

Vinna að *hugmyndabanka* fyrir kennara. Í bankanum verði að finna einföld verkefni sem kennarar geta nælt sér í, kennsluhugmyndir o.fl. Markmið með bankanum er m.a. að kennarar geti leitað í hugmyndir á íslensku. Áhersla verði lögð á náttúruvísindi 21. aldar. Bankinn verði hluti af Náttúrutorgi.

Náttúruvísindi á 21. öld / Science in the 21st century. Vinna að nánari útfærslu á námskeiði.

Vinna að þróun og skipulagningu námskeiðapakka sem hægt verður að bjóða grunn- og framhaldsskólum.

Vinna að uppbyggingu samstarfs við aðila innan og utan HÍ um eflingu náttúrufræðimenntunar í grunn- og framhaldsskólum.

Birgir Ásgeirsson og Ester Ýr Jónsdóttir.